# Rafrænt umsóknarblað fyrir rekstraraðila mengandi starfsemi

*Umhverfisstofnun / 7.3.2022 14:36*

## Upplýsingar um umsóknina

Athygli umsækjanda er vakin á því að hægt er að uppfæra notendaupplýsingar undir flipanum Notandi. Þetta getur sérstaklega átt við þegar umsækjandi hefur áður sótt um starfsleyfi en upplýsingar um hann ekki verið endurnýjaðar.

Umsækjandi skal tryggja að nauðsynlegar upplýsingar komi fram í umsókn, samanber 6. grein 550/2018, einkum liðum a til k í annarri málsgrein.

Dæmigerður ferill umsóknar: Dæmigerður ferill máls um starfsleyfisumsókn.pdf

## Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

| | |
|---|---|
| Ábyrgðarmaður umsóknar | Magnús Huldar Ingþórsson |
| Sími ábyrgðarmanns | 8564425 |
| Netfang ábyrgðarmanns | magnus@holta.is |
| Nafn fyrirtækis | Reykjagarður h/f |
| Kennitala fyrirtækis | 6509032180 |
| Starfsstöð fyrirtækis | Ásmundarstaðir |
| Póstnúmer og staður | 851 Hella |
| Sími fyrirtækis | 5756440 |
| Netfang fyrirtækis | holta@holta.is |
| Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar | Magnús Huldar Ingþórsson |
| Sími tengiliðs | 8564425 |
| Netfang tengiliðs | magnus@holta.is |

## Uppýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Sótt er um starfsleyfi til þauleldis fyrir rekstur kjúklingabús að Ásmundarstöðum í Ásahreppi fyrir allt að 32.000 varphænur til kjúklingaeldis í 8 til 9 stofnfuglahúsum og 145.000 fuglastæði í 15 til 16 kjúklingaeldishúsum, eða alls 177.000 stæði. Um er að ræða endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands árið 2010, sjá viðhengi. Gert er ráð fyrir að mestu óbreyttri áframhaldandi starfsemi eins og henni er lýst í eldra starfsleyfi en þó með lítilsháttar mögulegri aukningu á gildistíma nýs starfsleyfis.

| | |
|---|---|
| Uppdrættir af staðsetningu | Ásmundarstaðir - Staðsetning bygginga. Skjal 3.2.pdf |
| Afrit af staðfestu deiliskipulagi | Skjal 3.3 B. Deiliskipulag Ásmundarstaðir Ásahreppi.pdf |
| Lýsið staðháttum við vinnslustað (rekstrarsvæði) | Greinagerð - umhverifismál_ásmundarstaðir mars2022.pdf |
| Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna? | Við þauleldi á kjúklingum er notuð raforka, eldsneyti, vatn, húsdýraundirburður, fóður og hreinsiefni. |

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

• Húsdýraáburður fellur til á búinu. Árlegt magn húsdýraáburðar frá eldisstarfseminni er áætlað 1.225 tonn og frá stofnfuglum 565 tonn. Samtals frá Ásmundastöðum 1790 tonn. Sjá nánar samantekt í áætlun um nýtingu húsdýraáburðar.
• Fráveituvatn frá búinu.
• Hljóðvist:  Hávaði getur verið frá loftræstingu, sniglum og umsvifum utandyra.
• Lykt frá húsum: Lykt sem myndast vegna húsdýraáburðar og í undirburði í húsum. Verður meira ef raki er á gólfum.
• Ryk frá húsum: Getur myndast frá loftræstingu.
• Ammóníak frá alifuglahúsum: Ammoníak gufar upp frá húsdýraáburði og undirburði.
Sjá nánari í greinargerð umhverfismál.

Ísland skilar losun á eftirfarandi efnum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali: Listi skil til althjodasamninga.xlsx

Losunartölur vegna alþjóðasamninga

Mat á umhverfisáhrifum (samanber 6. málsgrein 6. greinar reglugerðar 550/2018)

Upplýsingar um stöðu mats á umhverfisáhrifum eða matsskyldu fyrirspurnar

Árið 2006 var stækkun búsins tilkynnt til Skipulagsstofnunar, Matskyldufyrirspurn 26.01.2006. Niðustaða skipulagsstofnunar var birt 26.01.2006 og þar segir: Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Reykjagarðs ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Reykjagarðs ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun kjúklingaeldishúsa á Ásmundarstöðum í Ásahreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

## Áhrif á umhverfið

| | |
|---|---|
| Hver eru áhrif losunar á umhverfið? | Greinagerð - umhverifismál_ásmundarstaðir mars2022.pdf |

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Gerð hefur verið greining á starfseminni með hliðsjón af BAT skilyrðum. BAT samanburður er fylgiskjal með umsókninni.
Almennt er athafnasvæðum haldið hreinum og snyrtilegum. Farið er sparlega með vatn og regnvatni er að mestu aðskilið frá fráveitu.
Aðferðir til að draga úr mengun valda ekki mengun annarsstaðar.
• Húsdýraáburður: Gerðir eru samningar við bændur og samtök um nýtingu húsdýraáburðar við moltugerð, svepparækt, túnrækt og uppgræðslu.
• Fráveituvatn: Fráveituvatni safnað og meðhöndlað í rotþró í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp. Níu rotþrær eru á svæðinu sem tæmdar eru reglulega af viðurkenndum aðilum.
• Hljóðvist: Staðsetning er þannig að hávaði á ekki að hafa áhrif á nágranna eða aðra landnotkun í nánd. Starfsemin er að mestu innandyra. Starfsfólk hefur reynslu og fær þjálfun í vinnubrögðum, færibönd og sniglar eru hafðir fullir af fóðri ef unnt er, hávaðasömum verkum utandyra er haldið í lágmarki. Skipt var yfir í hljóðlátari búnað við endurnýjun
• Lykt frá húsum: Staðsetning búsins er þannig að lykt á ekki að hafa áhrif á nágranna eða aðra landnotkun í nánd. Býlið er á skilgreindu landbúnaðarsvæði og nokkur fjarlægð til nágranna og ríkjandi vindátt er yfir tún og votlendi. Mótvægisaðgerð varðandi lykt er raki liggi ekki á gólfum. Gólf eru upphituð sem heldur raka í lágmarki, undirburður er þurr, drykkjarkerfi er með skálum sem grípa leka (fellur því ekki á gólfið). Hitastig í húsum er lagað að þörfum dýranna. Engar kvartanir vegna lyktarmengunar hafa borist vegna framleiðsluferilsins.
• Ryk frá húsum: Notaður er hitameðhöndlaður viðarspænir í 25 kg böggum. Lítið sem ekkert ryk myndast við meðhöndlun. Fóðrun fer fram í lokuðum kerfum. Notað er kögglað fóður og lítið ryk fylgir því. Rykskiljur eru á fóðursílóum. Lághraða loftræstikerfi er þar sem búið er að endurnýja kerfi.
• Ammóníak frá alifuglahúsum: Drykkjarkerfi er með skálum sem grípa leka (fellur því ekki á gólfið). Lághraða loftræstikerfi að hluta, þar sem endurnýjun hefur verið. Ný loftræstikerfi eru með skynjurum fyrir ammoníak þar sem hámarksgildi eru sett við 20 ppm og koltvísýrings skynjurum þar sem hámarksgildi eru set við 3000 ppm.
Hiti í gólfum og útmokstur er þurr. Þannig er uppgufun ammóníaks haldið í lágmarki.

| | |
|---|---|
| Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið? | Greinagerð - umhverifismál_ásmundarstaðir mars2022.pdf |

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Fyrirtækið vinnur eftir umhverfisstjórnunarkerfi sem er samofið gæðakerfi Reykjagarðs. Stefnumótun, skráningar, verklagsreglur, viðbragðsáætlanir eru til staðar. Í samræmi við BAT skilyrði hefur verið sett umhverfistefna og umhverfismarkmið, sjá fylgiskjal.
Reglulegt eftirlit er með tækjum og búnaði, fylgst er með vatnsnotkun og vatnslekar eru lagaðir. Vatnsþörf dýra er metin reglulega. Haldin er skrá yfir heildarvatnsnotkun til brynningar daglega. Stuðst er við svokallaðan vatnsstuðul í kjúklingaeldi. Stýringar eru að hluta til á hita- og loftræstikerfum. Níu rotþrær eru á svæðinu sem tæmdar eru reglulega af viðurkenndum aðilum. Haldin er skrá yfir magn húsdýraáburðar. Yfirferð yfir tæki og húsnæði er gerð eftir að hver eldishópur yfirgefur húsin, samkvæmt starfsreglum.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Sett hafa verið markmið um skynsamlega notkun á orku, umgengi um umhverfið, umbúðir og endurnýtingu.
Markvisst er reynt að koma úrgangi í endurnotkun, endurvinnslu eða endurnýtingu.
Húsdýraáburður er endurnýttur í samstarfi við Landgræðslu ríkisins, Flúðasveppi og bændur. Áætlun um ráðstöfun og nýtingu húsdýraáburðar er fylgiskjal með umsókninni.

Sjá nánar Greinargerð - umhverfismál.

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Samkvæmt grænu bókhaldi 2019 eru tegundir og magn úrgangs:
lífrænn úrgangur 100080 kg
almennt sorp 5830 kg
Grófur úrgangur 3730 kg
Húsdýraáburður 3282 kg
smurolíur, rafhlöður o.þ.h. óverulegt.

| | |
|---|---|
| Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar | Nei, ekki vitað um að slík áhrif séu til staðar. |
| Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif? | Nei, engin sammögnunaráhrif eru með þessari starfsemi og annarri starfsemi |

Skýrsla um grunnástand (ef við á)

Í reglugerð nr. 550/2018 segir í 15. gr.; „Þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinna hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært.“

Umhverfisstofnun hefur gert leiðbeiningar til umsækjenda um starfsleyfi fyrir skýrslur um grunnástand

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um skýrslur fyrir grunnástand.

| | |
|---|---|
| Skýrsla um grunnástand sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 550/2018 | |
| Valkostir í áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun í umhverfið | |

## Annað

Sýniseintök til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Sótt er um starfsleyfi fyrir alifuglaeldi að Ásmundarstöðum í Ásahreppi. Fyrirtækið hefur gilt starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti en Umhverfisstofnun hefur tekið við sem starfsleyfisgjafi. Helstu umhverifsáhrif af starfseminni eru húsdýraáburður sem til fellur, ryk, hljóðvist, lykt og fráveituvatn. Í umsókn er gerð grein fyrir mengunarvörnum og hvernig starfsemin samræmist BAT kröfum (Besta fáanlega tækni). Fyrirtækið hefur sett sér umhverfisstefnu og umhverfismarkmið og unnið er í samræmi við gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi.

| | |
|---|---|
| Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri | Á ekki við |
| Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar | 12_Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar eldishúsa á Ásmundarstöðum.pdf |
| Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar | 13_Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar eldishúsa á Ásmundarstöðum.pdf |

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

| | |
|---|---|
| Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við lög nr. 33/2004 | Tryggingarstaðfesting vegna mengunar hafs og strandar..pdf |
| Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda | Uppfærð viðbragðsáætlun um aðgerðir vegna mengunaróhappa samkvæmt grein 1.pdf |
| Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda | Uppfærð viðbragðsáætlun um aðgerðir vegna mengunaróhappa samkvæmt grein 1.pdf |
| Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati) | |
| Viðbótargögn | |
| Viðbótargögn | |